

Fundargerð

Fundur í hafnarnefnd Þórshafnarhrepps, 18.mars 2002.

Mættir: Sigurður Ragnar Kristinsson, Aðalbjörn Arnarsson, Rafn Jónsson og Björn Ingimarsson.

Dagskrá.

1. Mál. Fyrirliggjandi verkefni.

Hafnarstjóri og hafnarvörður kynntu verkefnaáætlun fram á haust, miðað við þau verk sem nauðsynlegt er að vinna.

2. Mál. Tímab.ráðning starfsmanns.

Samþykkt að fela hafnarstjóra að ráða starfsmann tímabundið (4 - 6 vikur) með hafnarverði að úrlausn verka, sem þurfa skjóta úrlausn s.s. fríholtum.

3. Mál. Dýpkunarframkvæmdir.

Fyrir lá fundargerð frá fulltrúa Siglingastofnunar með Sæþóri ehf verðandi dýpkunarframkv.aðila á Raufarhöfn og Þórshöfn 2002 og 2003. Á meðfylgjandi verkáætlun var ekki að sjá að um miklar dýpkunarframkvæmdir yrði að ræða á Þórshöfn fyrr en 2003. Hafnarstjóra var falið að athuga frekari upplýsingar varðandi verktilhögun svo unnt yrði að taka afstöðu til sammings við verktaka. Jafnframt var samþykkt að nauðsynlegt væri að skipuleggja smábátasvæði áður en ákvarðaðar verði dýpkanir á svæði VIII.

4. Mál. Athugasemd við frumvarp til nýrra hafnalaga.

Hafnarstjóri kynnti athugasemdir sem sendar voru Samgöngun. alþingis 8. mars 02. Athugasemdir höfðu verið kynntar nefndarmönnum í megindráttum símleiðis. Í athugasemdum koma m.a. fram áhyggjur varðandi framtíðarmöguleika hafnarstarfsemi á Þórshöfn m.a. fyrirliggjandi frumvarp. Lagt er til að frumvarpið verði unnið frekar og að það verði ekki afgreitt á yfirstandandi þingi. Samþ. samhljóða.

5. Mál. Endurskoðun vigtargjalda.

Samþykkt að fela hafnarstjóra og hafnarverði að vinna samanburð á gjaldtöku við hafnir sem veita svipaða þjónustu, auk þess að vinna raunkostnað við rekstur vigtunar á afla. Í framhaldi af þessari vinnu verður tekin afstaða til endurskoðunar á gjaldskrá.

Fleira ekki á dagskrá, fundi slitið kl. 19:30.

Björn Ingimarsson, ritari.